

Ársskýrsla Trúarbragðafraeðistofu Hugvísindasviðs HÍ 2011-2012

Stjórn: Pétur Pétursson prófessor, Terry Gunnell prófessor og Sigríður Þorgeirsdóttir prófessor.

Starfsmaður: Bjarni Randver Sigurvinsson (lengst af ólaunaður)

Starfsemi Trúarbragðafraeðistofunnar hefur verið nær engin síðan félagið Vantrú kærði Bjarna Randver Sigurvinsson stundakennara við Guðfræði- og trúarbragðafraeðideild HÍ til Siðanefndar HÍ, rektors og deildarforseta 4. febrúar 2010. Rúmu ári síðar, 28. apríl 2011, dró Vantrú kærana til baka eftir að 40 háskólakennarar kærðu málsmeðferð Siðanefndar HÍ til háskólaráðs og kröfðust þess að óháð rannsóknarnefnd yrði skipuð. Háskólaráð féllst á þá kröfu og lauk nefndin störfum 15. september 2011 þegar lögð var fram ítarleg skýrsla sem sýndi að Siðanefnd HÍ hefði þverbrotið eigin starfsreglur í málsmeðferðinni. Í kjölfar umfangsmikillar fjölmiðlaumfjöllunar um málið í byrjun desember 2011 lýstu á annað hundrað háskólakennarar yfir stuðningi við Bjarna Randver og gagnrýndu störf siðanefndarinnar. Rektor sendi svo frá sér yfirlýsingu til allra starfsmanna skólans 15. febrúar 2012 þar sem staðfest var að ekkert hefði komið fram sem sýndi að Bjarni Randver hefði gerst brotlegur í starfi. Félag prófessora við ríkisháskóla sendi ennfremur frá sér ályktun 3. apríl 2012 þar sem siðanefndin var harðlega gagnrýnd, allir siðanefndarfulltrúarnir sagðir ábyrgir og komist að þeirri niðurstöðu að akademískt frelsi Bjarna Randvers sem háskólakennara hefði verið skert í málsmeðferðinni. Sé miðið við yfirlýsingu rektors þar sem Bjarni Randver var hreinsaður af allri sök stóð kærumálið yfir á þriðja ár og tók lengst af allan hans tíma. M.a. þurfti hann að ráða sér lögmann, Ragnar Aðalsteinsson hrl., og var reikningurinn þegar upp var staðið 1.330.000 kr.

Starf Bjarna Randvers á vegum Trúarbragðafraeðistofunnar á liðnu ári hefur að mestu einskorast við samnorrænt Norel rannsóknarverkefni um stöðu trúfélaga og trúarbragða á Norðurlöndunum. Í því sambandi sótti Bjarni Randver vinnufund í Tampere í Finnlandi í maí 2011 og Pétur Pétursson vinnufund á Lesbos í Grikklandi í september 2011. Ein grein eftir Pétur í því sambandi hefur birst í ritrýndu fagtímariti og fleiri greinar eru í vinnslu.

Trúarbragðafraeðistofan skipulagði málstofuna Trú, vantrú og vísindi sem haldin var á Hugvísindapingi 10. mars 2012 en fyrirlesarar þar voru Pétur Pétursson prófessor, Benedikt Hjartarson aðjúnkt, Jón Ólafsson prófessor og Bjarni Randver Sigurvinsson stundakennari. Málstofustjóri var Ástráður Eysteinnsson forseti Hugvísindasviðs.

Bjarni Randver hefur einnig verið fulltrúi Trúarbragðafraeðistofu (auk þjóðkirkjunnar) á fundum Samráðsvettvangs trúfélaga á Íslandi sem haldnir eru annan hvern mánuð á veturna. Þar koma saman forystumenn eða fulltrúar helstu trúfélaga í landinu sem myndað hafa formleg tengsl við ríkisvaldið og skráð eru hjá Hagstofunni. Trúarbragðafraeðistofa hefur verið samstarfsaðili samráðsvettvangsins að þeim málþingum sem haldin hafa verið undanfarin ár. Þann 25. nóvember 2011 var haldinn hátíðarfundur í Ráðhúsi Reykjavíkur í tilefni 5 ára afmælis samráðsvettvangsins en meðal frummælenda voru Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra. Báðir voru þeir ennfremur gestir á fundi samráðsvettvangsins heima hjá Karli Sigurbjörnssyni biskup 23. maí 2012.

Pétur Pétursson sótti trúarbragðaráðstefnu í Nígeríu á vegum Heimsfriðarsambands fjölskyldna og sameiningar sumarið 2011 en sumarið áður fór hann með Bjarna Randveri á ráðstefnu ahmadiyyamúslima í Bretlandi sem sótt var af um 28.000 múslimum. Bjarni

Randver hefur ennfremur sótt ýmis málþing í trúarbragðafræðum á Íslandi, m.a. á vegum ahmadiyyamúslima.

Bjarni Randver hefur veitt nokkur viðtöl í tengslum við trúarhreyfingar á Íslandi, m.a. í ríkisútvarpinu. Jafnframt hefur hann svarað fyrirspurnum einstaklinga og hópa á því sviði og átt fundi með nemendum úr ýmsum skólum sem unnið hafa að verkefnum á sviði trúarbragðafræði, m.a. hjá Kvikmyndaskóla Íslands.

Bjarni Randver kenndi námskeiðið Trúarbragðasaga ásamt Pétri Péturssyni á haustmisseri 2011 í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ. Jafnframt kenndi Bjarni Randver námskeiðið Nýtrúarhreyfingar við Háskólann á Bifröst á því sama misseri.

Starf Bjarna Randvers í Norel rannsóknarverkefninu hefur verið launuð til skamms tíma en önnur vinna hefur verið ólaunuð. Trúarbragðafræðistofan missti skrifstofuaðstöðu sína í kjallara Aðalbyggingar HÍ hjá fjármálasviði háskólans árið 2010 og var umfangsmikið gagnasafn Bjarna Randvers um trúarhreyfingar á Íslandi flutt heim til hans. Trúarbragðafræðistofu vantar því nýja aðstöðu.

Engin stjórnarfundir hafa verið haldnir frá því þegar kærumálið hófst 4. febrúar 2010. Sigríður Þorgeirsdóttir var einn af fulltrúum Siðanefndar HÍ.

Bjarni Randver Sigurvinsson